

Kaldársel – Stuð að loknum prófum

Helgina 05.-07. júní næstkomandi ætla æskulýðsfélögin Fönix (Neskirkja) og MeMe (Digraneskirkja) að eyða saman helgi í Kaldárseli.

Markmið helgarinnar er að halda uppskeruhátíð eftir starf vetrarins í æskulýðs-félögunum en um helgina verður blandað saman skemmtun, fræðslu og helgistundum.

Mæting er í Kaldársel kl. 18 á föstudagskvöldinu en eldaður verður léttur kvöldverður um kvöldið. Dagskrá lýkur síðan um kl 14.30 á sunnudeginum eftir brunch, tiltekt og helgistund. Gott er að sameinast í bíla þar sem ekki er hægt að taka strætisvagn í Kaldársel.

Kaldársel er sumarbúðir KFUM&K skammt fyrir ofan Hafnarfjörð í nágrenni Helgafells. Kaldársel stendur við Kaldá í Hafnarfjarðarhrauni en Þar hefur verið sumarbúðastarf frá árinu 1925. Í Kaldárseli eru rúm fyrir 40 dvalargesti.

Umsjón og ábyrgð með helginni hafa Anna Arnardóttir og Sigurvin Jónsson, æskulýðsfulltrúar kirknanna tveggja, en þeim til aðstoðar eru Rakel Brynjólfsdóttir og og hópur leiðtoga á menntaskólaaldri .

Skilyrði fyrir þátttöku er skriflegt leyfi foreldra.

Verð fyrir helgina eru krónur 5.000 (3.000 gisting í Kaldárseli og 2.000 matur).

Allir mega koma með gos, snakk og sælgæti.

Reglur:

1. Gullna reglan: Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður skuluð þér og þeim gjöra.
2. Meðferð og neysla áfengis er óheimil. Haft verður skilyrðislaust samband við forráðamenn þeirra sem brjóta þessa reglu og viðkomandi sendur heim.
3. Reykingar eru ekki leyfðar á mótinu. Við fyrsta brot verður haft samband við forráðafólk. Verði reykinga aftur vart verður viðkomandi sendur heim.
4. Þátttakendum ber að hlýða leiðtogum.

Skráningar þurfa að berast í síðasta lagi þriðjudaginn 02. júní.

Hlökkum til að fá sem flesta með:
Sigurvin Jónsson (sigurvin@neskirkja.is) s. 692-7217
Anna Arnardóttir (anna.arnar@simnet.is) s. 869-4403

Leyfisbréf

Ég undirrituð/aður leyfi (nafn þátttakanda):

Kennitala þátttakanda: _____ Sími þátttakanda _____

að fara með Fönix og MeMe í Kaldársel helgina 05.-07. Júní 2009.

Nafn og undirskrift forráðamanns _____

Sími (á meðan móti stendur) _____

Heimili: _____